

sikkens

Rubbol BL Azura

Pólýúretan lakk 90%

Efnislýsing

Rubbol BL Azura er hágæða, hágljáandi, vatnspynnanlegt pólýúretan lakk, ætlað til notkunar innan- og utanhúss. Rubbol BL Azura er auðvelt í notkun, rennur einkar vel út, þornar og harðnar hratt, hefur langan opinn tíma og er afar slitsterkt. Lakkið fyllir vel, er lyktarlítið, hefur góða litheldni og er ekki eldfímt. Rubbol BL Azura er ætlað sem ysta lag á við, PVC harðplast, steypu og gífs og er borið ofan á undirlag af vatnspynnanlegum grunni. Einnig er það hentugt á hreina og slípaða alkýðgrunna. Notið alltaf vatnspynnanlega grunna utandyra.

Meðhöndlun

Nauðsynlegt er að slípa létt milli umferða (með sandpappír af grófleika P400 eða finni).

Nýmálan viðar

Tryggið að flöturinn sé laus við olíu, fitu og önnur óhreinindi. Grunnið með Rubbol BL Primer eða Rubbol BL Isoprimer. Slípið yfirborð matt og lagið áferðargalla. Málið yfir með einni umferð af Rubbol BL Azura. Slípið létt yfir flötinn og endurtakið með einni umferð af Rubbol BL Azura. Á mjög gljúpa fleti eða bert undirlag skal grunna tvær umferðir með Rubbol BL Primer eða Rubbol BL Isoprimer áður en málaðar eru tvær umferðir af Rubbol BL Azura.

Endurmálan

Hreinsið flötinn, slípið og tryggið að flöturinn sé laus við ryk og fitu. Grunnið bera fleti með Rubbol BL Primer, slípið létt yfir og málið síðan tvær umferðir af Rubbol BL Azura.

Harðir PVC-fletir

Hreinsið flötinn, slípið og tryggið að flöturinn sé laus við fitu. Grunnið með einni umferð af Rubbol BL Primer. Slípið létt yfir fleti og málið síðan tvær umferðir af Rubbol BL Azura.

Svo komið sé í veg fyrir blæðingu í vissum viðartegundum (t.d. merbau, dökkrauðri meranti, eik, afzelia) og gulnun kvista í rauðeik og greni skal grunna að auki með Nordsjö Original Kvistlack, Rubbol BL Isoprimer eða Rubbol Primer plus. Nauðsynlegt er að slípa milli umferða (með P400 eða finni pappír).

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússon eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir eða gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal vinna í vel loftræstu rými. Notið hlífðarbúnað (öndunargrímur) ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Lokið dósin vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleyfum í niðurföll. Skilið efnaleyfum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innan- og utanhúss

Tegund: Pólýúretan alkýð

Gljástig: Háglans >70 GU/20° - > 85 GU/60°

Flot: Afburðagott

Viðloðun: Mjög góð

Sveigjanleiki: Mjög góður

Hiti við málan: 7-30°C

Rakastig: Mest 85%

Þurrefni: Hvítt: Um 53% af vigt og 40% af rúmmáli

Þéttleiki: Hvítt: Um 1,25 kg/dm³

Ráðlögð þykkt við 20°C/65% raka: Þurr: 32-40 míkron. Blautt: 80-100 míkron

Opinn vinnslutími: 6-8 mín.

Rykfrítt: Um 1 klst.

Snertipurtt: Um 2 klst.

Yfirmálan: Um 6-8 klst.

Endurmálan: Eftir slípun (með P400 eða finni pappír) næst góður árangur við endurmálan á sjálft sig

Seigja (við 23°C): Um 90 KU

Þynning: Tilbúið til notkunar, blandið með mest 5% vatni ef nauðsyn ber til

Verkfæri: Penslar, rúllur

Þekja: Um 10-12 fermetrar pr. lítra (veltur mikið á undirlagi og aðferð við lökkun)

Litur: Hvítur og litastofnar

Pakkningar: 1 og 2,5 lítra dósir

Hreinsun: Volgt vatn – notið ekki heitt vatn

Geymsla: Í þurru, frostfríu rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/d) 130 g/l (2010). Inniheldur mest 40 g/l.